

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2542
komudagur 6.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 5.maí 2008

Þskj. 855 – 554. Mál.

Umsögn um frumvarp til laga um fiskræktarsjóð

Orkusalan ehf. fagnar frumvarpinu og gerir að svo stöddu engar athugasemdir við frumvarpið.

Fyrir hönd Orkusölnunnar ehf.



Magnús Kristjánsson
Framkvæmdastjóri



Reykjavík 05.05.2008

Orkusalan – spennandi samband!

Orkusalan ehf. var stofnuð 10 mars 2006 en formleg starfsemi hófst 1.febrúar 2007. Orkusalan er dótturfyrirtæki RARIK en með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls. Samkeppni var innleidd í raforkuframleiðslu og raforkusölu en flutningur frá virkjun til neytenda er eftir sem áður háður einkaleyfi. Við stofnun Orkusölnunnar hætti RARIK framleiðslu og sölu á raforku en sér eftir sem áður um dreifingu á sínum svæðum.

Stjórnarformaður Orkusölnunnar er Tryggvi Þór Haraldsson en aðrir í stjórn eru Helgi Óskar Óskarsson og Lárus L. Blöndal hrl. Framkvæmdastjóri Orkusölnunnar er Magnús Kristjánsson.

Orkusalan á og rekur fimm virkjanir Lagarfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Rjúkandavirkju og Smyrlabjargaárvirkjun. Uppsett afl þeirra er 35,9 MW.

Starfsstöðvar fyrirtækisins eru á þremur stöðum á landinu, Reykjavík, Hvolsvelli og Akureyri. Hjá fyrirtækinu eru 11 starfsmenn sem sinna sölu og markaðsstarfi og rekstri virkjana. Önnur þjónusta er aðkeypt.

Tilgangur Orkusölnunnar er fyrst og fremst að sjá um framleiðslu, innkaup og sölu á raforku í smásölu.

Markmið félagsins er að vera leiðandi fyrirtæki í sölu á raforku og þjónustu við viðskiptavinum og hefur frá upphafi verið unnið með það markmið að leiðarljósi. Lögð hefur verið áhersla á að bjóða samkeppnishæf verð og framúrskarandi þjónustu. Sem dæmi þá hafa viðskiptavinir aðgang að þjónustuvef í gegnum vefsíðu Orkusölnunnar en þar er að finna viðskiptavinir allar upplýsingar um viðskipti sín við Orkusölnuna. Þjónustuvefurinn er einnig öflugt tæki í raforkustjórnun stærri fyrirtækja og einsdæmi hér á landi í þjónustu við raforkukaupendur. Að auki er boðið upp á samskipti í gegnum vefsamtal, sveigjanlegri opnunartíma en tíðkast hefur í þjónustu við raforkukaupendur og framúrskarandi ráðgjöf sérfræðinga svo eitthvað sé nefnt.

Allar frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu fyrirtækisins www.orkusalan.is